



**YLMA4HB06**

Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026

Kennari/kennarar:	<b>Óli Björn Finnsson olibjorn@fsu.is</b>
-------------------	---

### **Áfangalýsing:**

Fjallað um lífræna ræktun helstu tegunda matjurta í gróðurhúsum. Tekin verða fyrir eftirfarandi atriði í umfjöllun um hverja tegund: íslenskt og latneskt heiti, uppruni, grasafræðileg lýsing, yrki, útplöntun, vaxtarrými, ræktunarefni, vökvun, áburðarþörf og valkostir við áburðargjöf, hitakröfur, vöxtur og þroski, blóm- og aldinmyndun, almenn umhirða og uppskerustörf. Vettvangsheimsóknir.

### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu tegundum matjurta í lífrænni ræktun í gróðurhúsum á Íslandi.
- Flokkunarfræði viðkomandi tegunda og grasafræðilega lýsingu þeirra.
- Vali á heppilegum yrkjum til ræktunar í lífrænni ræktun matjurta í gróðurhúsum.
- Umhverfisskilyrðum og stýringu þeirra í ræktun í gróðurhúsum.
- Plöntuvernd viðkomandi tegunda í lífrænni ræktun í gróðurhúsum.
- Ræktunartækni og umhirðu við lífræna ræktun lykiltægunda í matjurtaræktun í gróðurhúsum.
- Uppskeruaðferðum og meðhöndlun og geymslu afurða fram að sölu.

### **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina og flokka helstu tegundir matjurta í lífrænni ræktun í gróðurhúsum á Íslandi.
- Stýra umhverfisskilyrðum í gróðurhúsum.
- Beita viðeigandi tækni við ræktun og umhirðu lykiltægunda í lífrænni matjurtaræktun í gróðurhúsum.
- Beita viðeigandi aðferðum við plöntuvernd, uppskeru, meðhöndlun og geymslu afurða fram að sölu.

### **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafa yfirsýn yfir lífræna ræktun helstu tegunda matjurta í gróðurhúsum, metið með kynningu.

- Bera saman kosti og galla mismunandi yrkja lífrænt ræktaðra matjurta í gróðurhúsum, metið með rökstuðningi.
- Meta umhverfisástand í gróðurhúsum og setja upp viðeigandi áætlun um stýringu umhverfisþátta, metið með kynningu og rökstuðningi.
- Setja saman ræktunaráætlanir fyrir lykiltegundir matjurta í lífrænni ræktun í gróðurhúsum og fylgja þeim eftir, metið með rökstuðningi og kynningu.
- Tryggja gæði afurða sinna með viðeigandi aðferðum við uppskeru og meðhöndlun fram að sölu, metið með verksskipulagi, frágangi og útsjónarsemi.
- Miðla til annarra hvernig lífræn ræktun matjurta í gróðurhúsum fer fram, metið með kynningu.

### Námsefni:

- Efni frá kennara og annað tengt efni.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Fim 8. janúar 09:00 – 15:45 ( <b>Verkleg vika</b> )	Almenn kynning á áfanganum og áherslum. Helstu tegundir í ylræktun. Sáning á hnúðkáli.
Fim 15. janúar 09:00 – 14:10	Hnúðkál, grænkál. Aðrar káltegundir sem gætu gengið í gróðurhúsaræktun.
Fim 22. janúar 09:00 – 14:10	Gulrætur, rauðrófur, næpur, hreðkur.
Mið 29. janúar 09:00 – 14:10	Salat, spínat, stilkbeðja.
Fim 5. febrúar 09:00 – 15:45 ( <b>Verkleg vika</b> )	Umhirða hnúðkáls/ <b>Val á ritgerðaeefni. Vettvangsferð.</b>
Fim 12. febrúar 09:00 – 15:45	Blaðlaukur, vorlaukur og aðrir laukar.
Fim 19. febrúar 09:00 – 15:45	Eggaldin, eldþipar, kúrbítur.
Fim 26. febrúar 09:00 – 15:45	Kryddjurtir í pottum og á beðum.
Fim 5. mars 09:00 – 15:45	Stilksellerí, hnúðsellerí, aðrar tegundir.
Fim 12. mars 09:00 – 15:45 ( <b>Verkleg vika</b> )	Umhirða hnúðkálsræktunar. <b>Vettvangsferð. Ritgerðaskil!</b>
Fim 19. mars 09:00 – 15:45	Sjúkdómar og varnir. Uppskeyra og vörumeðhöndlun.
Fim 26. mars 09:00 – 15:45	Nýjar og framandi tegundir til ræktunar
Fim 2. apríl 09:00 – 15:45	Páskafri
Fim 9. apríl 09:00 – 15:45	Upprifjun námsefnis
Fös 17. apríl 09:00 – 12:00	<b>Lokapróf</b>

**Ath. Kennsluáætlun getur tekið breytingum!**

## Sérreglur áfangans:

Skylda er að mæta á allar lotuvikur þar sem verkleg kennsla fer fram.

## Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

## Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vettvangsheimsóknir	2 skýrslur úr vettvangsheimsóknum	10%
Ritgerð	Stutt ritgerð um ákveðna tegund	20%
Verkefni	2 stk. Stutt verkefnapróf á innu	10%
Lokapróf	Lokapróf úr áfanganum	60%
Samtals		100%

## Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykir, 06.01.2026, Óli Björn Finnsson